

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2024

2024/EES/76/14

frá 5. júlí 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1295 frá 26. febrúar 2024 um samhæfðar tækniforskriftir og prófunarstaðla fyrir brunaslöngur ⁽¹⁾.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 5. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/608) í XXXII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6. **32024 R 1295:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1295 frá 26. febrúar 2024 um samhæfðar tækniforskriftir og prófunarstaðla fyrir brunaslöngur (Stjtið. ESB L, 2024/1295, 6.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1295, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1295, 6.5.2024.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.